

Benchmark Genetics Iceland hf.
Bæjarhrauni 14
220 Hafnarfjörður

Akureyri, 23. júní 2021
UST202106-058/S.R.B.
08.04

Ákvörðun um framlengingu á starfsleyfi Benchmark Genetics Iceland hf. Kalmanstjörn

Vísað er til erindis Benchmark Genetics Iceland hf. er barst Umhverfisstofnun þann 28. apríl sl. um umsókn um framlengingu á starfsleyfi félagsins að Kalmanstjörn, Reykjanesbæ. Benchmark Genetics Iceland hf. hefur sótt um nýtt starfsleyfi vegna aukningar og var umsókn þess samþykkt sem fullnægjandi þann 30. júní 2020.

Skv. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir má útgefandi starfsleyfis framlengja gildistíma starfsleyfis meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu, að hámarki til eins árs, hafi fullnægjandi umsókn borist útgefanda.

Fyrri starfsleyfi eldisstöðvarinnar að Kalmanstjörn rann út 26. apríl 2021 og mun því framlengingin sem hér er veitt gilda þar til nýtt starfsleyfi er gefið út eða í síðasta lagi til 26. apríl 2022.

Virðingarfyllst,

Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri

Steinar Rafn Beck Baldursson
sérfræðingur